

- Hagi*, nýbýli úr landi Þinganes, Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu. **31**
- Akbraut*, nýbýli úr landi Höfðabrekku í Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu. **25. jan.**
- Bólstaður*, nýbýli úr landi hálftrar jarðarinnar Sel í Ásahreppi, Rangárvallasýslu.
- Þórunúpur II*, nýbýli úr landi Þórunúps í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
- Háteigur*, nýbýli úr landi Þykkvabæjar í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.
- Smáratún*, nýbýli úr landi Miðkots í Þykkvabæ, Rangárvallasýslu.
- Espiflöt*, nýbýli úr landi Stórafljóts í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.
- Hlíðartún*, nýbýli úr landi Austurhlíðar í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu.
- Miðhús II*, nýbýli úr landi Miðhúsa í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.
- Ásgerði*, nýbýli úr landi Hrepphóla í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.
- Breiðás*, nýbýli úr landi Hrepphóla í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.
- Miðfell V*, nýbýli úr landi Miðfells I í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.
- Varmalækur*, nýbýli úr landi Hrafnkelsstaða og Flúða í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.
- Leynir*, nýbýli úr landi Böðmósstaða í Laugardalshreppi, Árnassýslu.
- Skeiðháholt III*, nýbýli úr landi Skeiðhólts I í Skeiðahreppi, Árnassýslu.

*Í menntamálaráðuneytinu, 25. janúar 1958.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

*Sigurður J. Briem.*

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Afmælistjóð Kvenfélags Reyðar- 32**  
fjarðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1958. **14. marz**  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Afmælistjóð Kvenfélags Reyðarfjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Afmælistjóður Kvenfélags Reyðarfjarðar.

2. gr.

Kvenfélag Reyðarfjarðar stofnar sjóðinn á fundi sínum 1. maí 1957. Stofnfé er kr. 3000.00 — þrjú þúsund krónur —, en þá upphæð gáfu eiginmenn 30 félagskvemma Kvenfélagi Reyðarfjarðar á 40 ára afmæli þess, hinn 3. des. 1956.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja hvers konar líknar- og menningarstarfsemi í Reyðarfjarðarhreppi samkvæmt því, sem lögmatgur félagsfundur ákveður hverju sinni.

4. gr.

Kvenfélagið aflar sjóðnum tekna á þann hátt, er bezt þykir henta á hverjum tíma. Valinn verður ákveðinn dagur ársins, er sérstaklega verði fjáröflunardagur sjóðsins, 19. júní til merkjasölu.

## 32

14. marz

Fé sjóðsins skal geyma í tryggri peningastofnun og ávaxta með hæstu vöxtum, sem þar eru fáanlegir. Næstu 10 árin skal engu eyða af fé sjóðsins, hvorki stofnfé né því, er aflazt kann. Þann höfuðstól er þá verður til, má aldrei skerða. Eftir lok ársins 1967 er heimilt að verja  $\frac{1}{10}$  hlutum vaxtanna samkvæmt ákvörðun 3. gr. þessarar samþykktar.  $\frac{1}{10}$  hluti vaxtanna skal ávallt leggjast við höfuðstólinn.

## 5. gr.

## 6. gr.

Aðalfundur kvenfélagsins kýs 3 félagskonur í stjórn sjóðsins. Á aðalfundi skal og kjósa 2 endurskoðendur reikninga. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Sjóðstjórnin annast öll störf og framkvæmdir fyrir sjóðinn, og ber ábyrgð gerða sinna fyrir aðalfundi kvenfélagsins, er hefur æðsta vald í öllum málefnum sjóðsins.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu ætíð lagðir fram á aðalfundi kvenfélagsins, rannsakaðir og samþykktir þar.

## 8. gr.

Sjóðurinn tekur á móti minningargjöfum, er innrita skal í sérstaka bók, ásamt æviágripi þess, sem gjöfin er til minningar um. Æskilegt er, að gjöfunum fylgi mynd.

## 9. gr.

Hætti kvenfélagið störfum afhendist umsjón sjóðsins sóknarpresti, oddvita og einni konu, innan sveitarfélagsins, sem þeir velja sér til aðstoðar.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

## 33

14. marz

## H A F N A R R E G L U G E R Ð

## fyrir Þingeyrarkauptún.

## I. KAFLI

## Takmörk hafnarinnar.

## 1. gr.

Þingeyrarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Þingeyrarodda í Gemlufallsárós, út á miðjan fjörð, síðan af línu er hugsast dregin eftir miðjum firði, í línu er hugsast dregin úr Ásgarðsnesi í oddatána á Höfðaodda.

## II. KAFLI

## Stjórn hafnarinnar.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarinnar, undir umsjón samgöngumálaráðuneytisins.

## 3. gr.

Framkvæmd hafnarinnar og eftirlit með höfninni hefur hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti þrír menn, kosnir til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir,